



Almennir viðskiptaskilmálar ríkisins við kaup á vöru eða þjónustu

1 Gildissvið

Eftirfarandi viðskiptaskilmálar skulu gilda við kaup ríkisaðila á vöru og þjónustu. Seljandi eða þjónustuveitandi, hér eftir nefnt birgir, sem afhendir vöru eða þjónustu samkvæmt pöntun eða beiðni frá ríkisaðila telst hafa undirgengist skilmálana hafi ekki verið samið um annað. Viðskiptaskilmálar ríkisins eru settir með vísan til 3. gr. reglugerðar 822/2021 um sjóðstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs.

2 Verð

Allur kostnaður sem fellur til skal innifalinn í uppgefnu verði birgja. Einungis skal birta gjöld sem tengjast seldri vöru eða þjónustu á reikningi en ekki önnur viðbótargjöld svo sem seðil- eða þjónustugjöld. Telji birgir sig eiga rétt á greiðslu umfram verð vöru eða veittrar þjónustu skal hann senda nýjan reikning, með vísan í þann fyrri, ásamt skýringum og tilvísun í viðeigandi samningsákvæði.

3 Afhending reiknings

Eftirfarandi gildir:

- Reikning til ríkisaðila skal afhenda með rafrænum hætti í gegnum skeytamiðlun. Reikningi á pappír verður hafnað
- Reikning skal gefa út samkvæmt gildandi tækniforskrift Staðlaráðs fyrir rafrænan reikning, TS-236 sem er samhæfð evrópska staðlinum CEN EN-16931 og PEPPOL BIS. Eldri tækniforskrift NES er fallin úr gildi
- Reikningur á PDF-formi telst ekki vera rafrænn reikningur
- Greiðsluseðill eða innheimtukrafa er ekki reikningur

Birgi, sem er án bókhaldskerfis eða er ekki bókhaldsskyldur, er heimilt að nota rafræna reikningagátt FJS. Birgi/Birgjum ber að vista frumgögn í eigin bókhaldi í samræmi við ákvæði bókhaldslaga. Bent er á að öll bókhaldskerfi geta sent rafræna reikninga. Eins má nýta skeytamiðlara til að senda staðlaða rafræna reikninga.

4 Aðrar kröfur

Á reikningi skulu koma fram upplýsingar um uppruna viðskipta, ásamt nafni, deild og/eða kostnaðarstað tengiliðs hjá ríkisaðila.

Að auki skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á reikningi:

- Lýsing á vöru eða veittri þjónustu, einingaverð og magntölur
- Verð birgis skal innifela allan kostnað
- Bankareikning, svo mögulegt sé að greiða með millifærslu ef þörf krefur

Þá skal birta a.m.k. eitt eftirfarandi atriði á reikningi:

- Númer pöntunar eða beiðni, ef uppgafið af kaupanda
- Verknúmer og verkliður, ef uppgafið af kaupanda
- Númer samnings sem verð og önnur kjör byggjast á
- Uppfylli reikningur ekki skilyrðin er réttur áskilinn til að endursenda hann



5 Gjaldfrestur og greiðslufyrirkomulag

Eftirfarandi ákvæði gilda um gjaldfrest og greiðslufyrirkomulag:

- Gjaldfrestur er að lágmarki 25 dagar frá afhendingardegi reiknings hjá skeytamiðlara
- Birgi er heimilt að nota greiðsluseðil til stýringar greiðslu sér til hagræðis. Tryggja verður að ákvæði um afhendingu, gjaldfrest og seðilgjöld séu virt ef greiðsluseðill er notaður. Að öðrum kosti verður samþykktur reikningur greiddur með millifærslu 25 dögum eftir afhendingardag hjá skeytamiðlara

6 Viðskiptayfirlit

Birgir velur annað hvort:

- Að gefa út reikning fyrir hverja afhendingu sem lokið er eða samkvæmt samningi
- Að setja hverja úttekt á viðskiptareikning og gefa út reikning í lok mánaðar með vísan í afhendingarseðla. Afhendingarseðill skal fylgja hverri afhendingu

Athugið:

- Viðskiptayfirlit skulu vera rafræn
- Viðskiptayfirlit er ekki reikningur og greiðsluseðil má ekki tengja við það

7 Kreditreikningur

Ef nauðsynlegt er að leiðrétta reikning skal gefa út kreditreikning og tilgreina eftirfarandi:

- Ástæðu leiðréttinga
- Númer áður útgefins reiknings
- Ráðstöfun greiðslu, t.d. númer bankareiknings eða maskað / hluta úr kortanúmer sem greitt er inn á
- Ef greitt var með kreditkorti ber birgi að endurgreiða inn á sama kort og greitt var með

8 Leiðbeiningar

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar til birgja eru á vef Fjársýslu ríkisins.